



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fjölskylduhátíð í Hrafnagilsskóla
í opinberri heimsókn til Eyjafjarðarsveitar
13. apríl 2005

Ágætu Eyfirðingar
Góðir gestir

Það hefur verið gaman fyrir okkur Dorrit að kynnst fyrr í dag hinum góða anda sem hér ríkir, samstöðu fólksins og áformum um framtíðina, kröftugu skólastarfi og virðingunni sem þið berið fyrir hinni merku sögu Eyjafjarðar.

Hér blasa við kennileiti sem minna okkur á blæbrigðin í sögu Íslendinga, allt frá landnámstíð til okkar daga, minna okkur á vígafarli á fyrri öldum, átök um trúarlíf þjóðarinnar, en hér eru líka minjar um lærdóm og fræði, fólk sem gaf þjóðinni sterka strengi í sjálfsvitund okkar, auðgaði menninguna að fróðleik og hefðum.

Íslendingar hafa löngum verið söguþjóð enda fornar bækur þjóðarstolt þegar á dagskrá er samanburður við gamlar hallir og kirkjur í öðrum löndum. Fáir ef nokkrir eru þar jafnokar Jóns Espólín sýslumanns sem kenndi sig við Espihól hér í sveit og var höfundur Árbóka Íslands sem út komu fyrir röskri einni og hálfri öld, bóka sem löngum hafa verið taldar kjörið dæmi um einlægan áhuga Íslendinga á öllu sem viðkemur fróðleik um mannlíf og landshætti alla.

Reyndar eru hér líka átthagar Jónasar Jónssonar frá Hrafnagili sem samdi undirstöðurit um íslenska þjóðhætti, öndvegisverk sem enn er talið hornsteinn í þekkingu okkar á menningu og siðum sem sett hafa sterkan svip á þjóðlíf allt, bæði til sjávar og sveita.

Við Íslendingar stöndum því í mikilli þakkarskuld við Eyfirðinga enda framlagið til þjóðarsögu svo margslungið og merkilegt að það væri efniviður í margar bækur.

Vitund þjóðarinnar um sjálfstæði og trúarlíf á sér djúpar rætur í Eyjafirði og er vert að minnast þess nú þegar Jóhannes Páll II páfi er látinn og syrgður af heimsbyggðinni að ævi og örlög síðasta kaþólska biskupsins, Jóns Arasonar, kalla til okkar víða hér í sveit. Jón er sjálfstæðishetja í augum okkar Íslendinga, dáður og virtur í 500 ár þótt þjóðin tæki aðra trú.

Ég veit það vel af samneyti við Jóhannes Pál páfa í heimsókn hans til Íslands á sínum tíma, fyrstu og einu heimsókn páfa til okkar lands, og af viðræðum við hann í Páfagarði fyrir rúmum sex árum að honum fannst mikið til sögu Jóns koma, taldi örlög hans áhrifaríkan kafla í þróun kaþólskrar kirkju, þótt páfinn ætti reyndar erfitt með að skilja hvernig kaþólskur biskup hafi getað átt svo marga syni og vaskar dætur.

Það hefði vissulega verið við hæfi að Jóhannes Páll páfi, svo víðförlur sem hann var, hefði einnig komið hingað til Eyjafjarðar og blessað bæði Hrafnagil og Grund, Hrafnagil þar sem Jón Arason þjónaði sem prestur og Grund þar sem Þórunn dóttir hans gerði garðinn frægan, skörungur mikill; kirkjustóll sem Þórunn gaf Grundarkirkju snemma á sextánda öld einn helsti kjörgripur Þjóðminjasafns. Það var hátíðarstund þegar Grundarstóllinn var aftur kominn til Íslands frá Kaupmannahöfn og til sýnis þegar Þjóðminjasafnið opnaði á ný á liðnu hausti. Og fleiri merkir gripir tengjast Grund; silfurkaleikurinn þaðan er elsti gripurinn á Þjóðminjasafninu sem ber ákveðið ártal, 1489.

Kirkjurnar í Eyjafirði eru meðal merkustu bygginga þjóðarinnar, ríkar af gripum hagleiksmanna en einnig fagrar minjar um byggingarlist og metnað á liðnum öldum þegar þjóðin var fátæk og mátti sín lítils, var háð erlendu valdi; efnahagur almennings ekki upp á marga fiska.

Þá reistu Eyfirðingar öndvegishús og Grundarkirkja er veglegur vitnisburður um hve annt sveitungum var um trúarlífið. Þeir sáu í kirkjunni samastað fyrir bænir og helgihald og líka fyrir samkennd íbúanna. Það var þeim kappsmál að geta á hátíðum gengið inn í svo veglegt hús.

Við kynntumst þessum metnaðaranda hér fyrir í dag þegar við Dorrit heimsóttum skólana ykkar og urðum vitni að alúðinni sem lögð er við menntun og uppeldi unga fólksins, sáum að skólinn er í raun kjarninn í framtíðarsýn íbúanna.

Það var einmitt til að meta og virða skólafnið, efla það og styrkja, sem ég hef nýlega stofnað til Íslensku menntaverðlaunanna, en þeim er ætlað að heiðra skóla sem skarað hafa framúr og einnig kennara, unga og eldri sem sýnt hafa sérstaka hæfileika og alúð sem og höfunda námsefnis sem skapað hafa nýjungar í fræðslustarfi.

Það hefur vakið athygli okkar hjóna á ferðum vítt og breitt um byggðir landsins hve ríkan metnað er víða að finna gagnvart skólastarfi og hve fjölþætt og skapandi sú vinna er sem kennarar og nemendur inna af hendi í sameiningu.

Íslensku menntaverðlaununum er ætlað að vekja athygli á mikilvægu framlagi skólanna til farsællar framtíðar okkar Íslendinga og heiðra það góða fólk sem þar hefur löngum lagt hönd á plóg.

Það var einnig gaman að vera hér á ferð fyrr í dag, koma að Laugalandi og kynnast því merka starfi sem þar er unnið. Ég greindi frá því í nýársávarpinu 1. janúar að við hjónin hefðum ákveðið að reyna að leggja lið baráttunni gegn fikniefnum, hamla gegn vandanum sem neysla vímuefna færir ungu fólki, fjölskyldum þeirra og vinahópi. Því var það okkur dýrmætt að fá tækifæri til samræðna við íbúanna á Laugalandi og kynnast reynslu þeirra.

Við komum einnig í hátækni fjósið á Hríshóli og sáum hvernig framþróunin setur sterkan svip á landbúnaðinn, enda Eyjafjarðarsveit löngum verið í forystu umbóta og nýjunga á þessu sviði, gróðursæl og gjöful, sannkölluð matarkista sem fætt hefur þúsundir íbúa um landið allt; sjö af tíu stærstu kúabúum landsins eru hér í Eyjafirði.

Djúpadalsvirkjun er líka skemmtilegur vitnisburður um að í orkumálum okkar Íslendinga kennir margra grasa og risaframkvæmdir í þágu áliðnaðar eru ekki það eina sem er athyglisvert. Reyndar kynntist ég því vel á alþjóðlegri ráðstefnu sem nýlega var haldin í höfuðborg Indlands að lausnin á hinum gríðarlega orkuvanda heimsins kann einmitt að vera fólgin í því að hugsa smátt, að horfa á tækifærin sem litlar virkjanir, virkjanir fyrir lítil þorp, jafnvel fáeina bæi eða eigið hús, geta skapað. Kannski er Djúpadalsvirkjun vísbending um farsæla leið fyrir milljónirnar í fjarlægum löndum, dæmi um hvernig hið smáa getur verið vegvísir til framtíðar.

Dagurinn hefur þannig gefið tilefni til fjölþættra hugleiðinga og ég óska ykkur til hamingju með hve víða er hér forvitnilega grósku að finna, bæði vitnisburð um merka áfanga í þjóðarsögu og ábendingar um farsælar áherslur á komandi árum.

Mér þótti líka vænt um að koma á slóðir Kristneshælis sem skipar ríkulegan sess í minningum frá æskuárum. Móðir mín glímdi við berkla í áraraðir, kom dauðvona hingað norður, fyrst á sjúkrahúsið á Akureyri þar sem Guðmundur Karl yfirlæknir tók úr henni ellefu rif, aðgerð þar sem sjúklingurinn var ekki svæfður heldur vakandi en mikið deyfður – á eftir dvaldi hún lengi á Kristneshæli þar sem hún smátt og smátt fékk lífsþrótt á ný.

Heima hjá afa og ömmu fyrir vestan var ég á meðan í fóstri og bænum okkar var beint til Kristneshælis og þegar mamma kom aftur heim var iðulega í samræðum þeirra þabba vikið að örlögum fólksins sem dvalið hafði á Kristneshæli, að hæfni lækna og hjúkrunarfólks sem þar vann starf sitt með einstæðri alúð.

En við vorum ekki ein. Þúsundir Íslendinga tengdust á þessum árum Kristnesi slíkum böndum og hælið var tilfinningaríkt tákni trúar og vona, staður þar sem sigrar unnust en líka staður þar sem sorgin skaut rótum.

Kristneshælið skipar merkan sess í heilbrigðissögu okkar Íslendinga, er áminning um að með samstöðu tókst okkur að brjóta berklaveikina á bak aftur, sigrast á hvítadauðanum, en svo var veikin tíðum nefnd, en hún lagði í valinn þúsundir Íslendinga, var skæðasti sjúkdómurinn sem þjóðin glímdi við.

Saga Kristneshælis og baráttunnar við berklana er sönnun þess að einhugur þjóðarinnar getur skilað miklu, að þegar á brattann er sótt þurfum við að standa saman, að hjálp í þágu meðbræðra og systra er ríkur þáttur í eðlisfari Íslendinga og mikilvægt er að þjóðinni takist að varðveita slíka eiginleika í framtíðinni.

Við Dorrit höfum fundið sterkt hvernig þeir eiga djúpar rætur í ykkar heimabyggð og við þökkum ykkur einnig einlæglega fyrir vinarhug og hlýju sem þið hafið okkur sýnt, þökkum fyrir ánægjulegar samverustundir bæði fyrr í dag og hér í kvöld og óskum ykkur allra heilla um ókomin ár.

Vonandi verður sá góði andi sem við höfum kynnst áfram veganesti Eyfirðinga.